



Réttá var í Hlíðarrett í Mývatnssveit í gær en þetta voru fyrstu réttir ársins. Var fêð, um tvö þúsund fjár, rekið frá aðhaldinu í Námafjalli í blöðskaparveðri. Heimamenn tóku virkan þátt í rekstrinum og létu börnin ekki sitt eftir liggja. Fjölmargir ferðamenn fylgdust með og að venju var sungið „Vel er mætt“ áður en dregið var í dilka. FRÉTTABLAÐIÐ/BENEDIKT BÓAS

Vilja milljarða endurgreiðslur frá ríkinu vegna tolla á búvörur

Lögmaður Félags atvinnurekenda hefur höfðað mál á hendur ríkinu fyrir hönd fimm innflutningsfyrirtækja vegna tolla af landbúnaðarvörum. Hann segir það ekki samræmast ákvæðum stjórnarskrár að ráðherra hafi val um það að leggja á skatt í formi innflutningstolla. Kröfurnar nema um fjórum milljörðum.

VERSLUN Fimm innflutningsfyrirtæki hafa stefnt íslenska ríkinu til endurgreiðslu á ofteknum sköttum sem þau hafa greitt í formi tolla á landbúnaðarvörur. Nema kröfurnar um þremur milljörðum króna en við bætist um milljarður vegna vaxta og dráttarvaxta.

Páll Rúnar M. Kristjánsson, hæstaréttarlögmaður og lögmaður Félags atvinnurekenda (FA), rekur málið.

Hann segir að stöðugt bætist við kröfuna þar sem íslenska ríkið haldi

Samkvæmt stjórnarskrá getur það ekki verið val ráðherra hvort skattar eru lagðir á eða ekki.

Páll Rúnar M. Kristjánsson, lögmaður Félags atvinnurekenda

áfram að innheimta þessi ólögmetu gjöld.

Á undanföllum árum hefur Páll Rúnar þrívægis höfðað mál fyrir hönd félagsmanna í FA vegna útboðsgjalda

sem ríkið lagði á þá vegna úthlutunar á tollfrjálsum innflutningskvótum búvára. Hefur ríkið þurft að endurgreiða tæpa þrjá milljarða króna vegna þeirra málafarla.

Páll Rúnar telur ólögmeti þeirrar gjaldtöku sem málsöknið nú beinist gegn jafn augljóst og í fyrri málunum. Stjórnvöld innheimti umtalsverða tolla af innflutningi á landbúnaðarvörum. Tollarnir hafi þá sérstöðu í skattheimtu ríkisins að ráðherra sé heimilt að lækka þá eða fella niður.

Að sögn Páls Rúnars byggir mál-

söknið meðal annars á því að umræddir tollar teljist skattar eins og hugtakið birtist í stjórnarskrár. „Samkvæmt stjórnarskrá getur það ekki verið val ráðherra hvort skattar eru lagðir á eða ekki.“

Páll Rúnar segist að komi til þess að festar yrðu í lög valkvæðar heimildir til skatttöku yrðu laga- legar afleiðingar þær að gjaldtakan í heild sinni yrði ólögmet. Hann vonast til þess að niðurstaða fáið í málið í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir áramót. — sar / sjá síðu 4

Fréttablaðið í dag

SKODUN Guðmundur Steingrímsson skrifar um forsjarhyggju, lúsasjampó, vín í búðum og gluggalögguna. **9**


SPORT Kvennalandsliðið þarf að fara fjallabaksleiðina á HM. **18-19**

MENNING Hans og Gréta og La Traviata eru á verkefnaskrá Íslensku óperunnar. **23**

LÍFIÐ Samtök grænmetisæta og Vegan samtökin standa að sýningu heimildarmyndarinnar Dominion í Bíói paradís. **26**


PLÚS 2 SÉRBLÖÐ
FÓLK • **HOLLT OG BRAGÐGOTT**

*Samkvæmt prentmálakönnun Gallup apríl-júní 2015



Vertu þinn eiginn besti vinur

Ókeypis kynningartími 5. september - Skráning á dale.is/ungtfolk
 Nánari upplýsingar og skráning á dale.is eða í síma 555 7080



Það sem þjálfunin færir þér:

- Aukið sjálfstraust, sterkari sjálfsmynd og aukin vellíðan
- Trú á eigin getu, skýrari markmið og meiri árangur
- Kynnist nýju fólki, bætir samskiptahæfni og styrkir sambönd
- Jákvæðara viðhorf og minni kvíði

Námskeið hefst

20-25 ára	18. sept.
16-19 ára	19. sept. og 15. okt.
13-15 ára	20. sept. og 16. okt.
10-12 ára	25. sept. og 20. okt.

Dale Carnegie

Veður



Hæg breytileg átt, stöku skúrir um vestanvert landið en léttskýjað austan til. Suðaustan kaldri eða strekkingur og dálítil rigning sunnan- og vestanlands um kvöldið.

SIÁ SIÐU 22



Útsýnið af toppi Galdhópiggen í Noregi. NORDICPHOTOS/GETTY

Fjallanga í hægvarpi

NOREGUR Norska ríkisútvarpið (NRK) heldur áfram að feta nýjar slóðir í hinu svokallaða hægvarpi. Á fimmtudaginn kemur verður NRK með sjö klukkustunda beina útsendingu frá fjallgöngu á hæsta fjall Noregs, Galdhópiggen, sem er 2.469 metra hátt.

„Margir hafa farið upp á fjallið, og enn fleiri vilja einhvern tíma gera það,“ segir Arne Nordrum, verkefnastjóri hjá NRK. „Núna geta allir tekið þátt í göngu á fjallið, sama hvar viðkomandi er staddur í heiminum.“ – khn

Harmleikur í Gautaborg

SVÍÞJÓÐ Ekki er enn vitað hvað manningum gekk til sem grunaður er um að hafa myrt eiginkonu sína og tvö börn í Gautaborg aðfararótt sunnudags. Maðurinn, sem er 38 ára gamall, tilkynnti morðin sjálfur til lögreglu og var handtekinn þegar lögregla kom á vettvang.

Lögreglufrivöld í Gautaborg hafa lítið gefið upp um málið, annað en það að maðurinn er í haldi, hann hafi játað og að hann vilji ekki ræða við lögreglu fyrr en hann hefur rætt við lögfræðing. Talið er að maðurinn hafi verið einn að verki.

Málið hefur vakið óhug í Gautaborg. Aftonbladet greinir frá því að börnin tvö hafi verið á leikskólaaldri. – khn

Flottasta flúrið valið



Húðflursýningin Icelandic Tattoo Expo náði hápunkti sínum í gærkvöld þegar glæsilegustu húðflúrir voru valin. Síðustu daga hafa 90 húðflurararatt kappi í Laugardalshöll um hylli dómnefndarinnar. Á myndinni sést dómnefnd víra fyrir sér eitt slíkt húðflúr. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Lýsa eftir Hemn Rasul Hamd

LÖGREGLUMÁL Interpol hefur gefið út handtökuskipun, að beiðni íslenskra yfirvalda, á hendur Hemn Rasul Hamd. Samkvæmt auglýsingu Interpol er Hamd 33 ára gamall og fæddur í Írak. Hann talar bæði sænsku og kúrdísku. Hamd er 1,77 metrar á hæð og 78 kg, með svart hár og brún augu.

Íslensk yfirvöld lýsa eftir Hamd í tengslum við nauðgunarmál, en hann fór af landi brott áður en tókst að birta honum ákæru. – khn

Hamn Rasul.



Með hreint sakavottorð þrátt fyrir þunga dóma

„Þetta eintak fer upp á vegg,“ segir Guðmundur Ingi Þóroddsson sem gladdist mjög þegar sakavottorð hans reyndist hreint. Guðmundur Ingi hefur verið í fangelsi meira og minna í tæp tuttugu ár og er nú á áfangaheimilinu Vernd.

FANGELSISMÁL „Ég var að hugsa um að fara beina leið niður í Fangelsismálastofnun og krefjast þess að vera látinn laus eins og skot,“ segir Guðmundur Ingi Þóroddsson og hlær. Það kom Guðmundi, sem hlotið hefur þunga fangelsisdóma í gegnum tíðina, vægast sagt á óvart þegar hann sótti sakavottorð sitt á dögum að komast að því, sér til mikillar ánægju, að hann var af einhverjum ástæðum með hreina sakaskrá.

Guðmundur hefur búið á áfangaheimilinu Vernd frá því í apríl eftir að hafa verið í fangelsi meira og minna í tæp 20 ár en hann hefur fengið 3 þunga fangelsisdóma frá aldamótum vegna brota á fíkniefnalöggjöfni. Hann á eftir að vera 11 mánuði á Vernd og mun í kjölfarið ljúka sinni afpláun í rafrænu eftirliti.

Guðmundi brá því í brún þegar hann sótti sakavottorð á dögum en í vottorðinu er ekki eitt einasta brot skráð, heldur stendur þar: „Ekkert brot.“ Guðmundur vakti athygli á þessu á Facebook í gærkvöldi og var að vonum ánægður með sína skjalfestu, hreinu fortíð.

Samkvæmt reglum ríkissaksóknara um sakaskrár á að skrá dóma fyrir brot gegn almennum hegningarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni. Fangelsisdóma skal ekki tilgreina ef liðin eru meira en fimm ár frá dómuppkvaðningu eða frá þeim tíma sem dómþoli var látinn laus. Því ætti Guðmundur ekki að fá hreint sakavottorð fyrr en eftir 6 ár hið minnsta.

Sá dómur sem Guðmundur situr



Hið hreina sakavottorð Guðmundar reyndist nokkuð óvæntur glaðingur. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA



Guðmundur Ingi Þóroddsson.

inni fyrir nú var kveðinn upp í Danmörku. Samkvæmt reglum ríkissaksóknara um sakaskrár ber að skrá upplýsingar um dóma sem fallið hafa erlendis yfir íslenskum ríkisborgurum eða dóma sem fullustaðir hér á landi.



Aðspurður telur Guðmundur að það hljóti einhver mistök að hafa verið gerð. „Það breytir því ekki, þetta eintak fer upp á vegg,“ segir Guðmundur. adalheidur@frettabladid.is



Listmunauppböð

í Gallerí Fold
mánudaginn 3. september, kl. 18



Forsýning á verkunum mánudag kl. 10–17

Hægt er að skoða uppböðsskrána á myndlist.is

Rauðarárstigur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

Listmunauppböð nr. 1111

Völuteigur 19
Mosfellsbæ
Sími 660 0038



Opið virka daga kl. 12-18:30
Laugardag kl. 12-16
Takmarkað magn!

RISA

LAGERSPRENGJA

20-70%

30. ÁGÚST - 6. SEPT.



afsláttur af **skiptidýnum**,
eldri gerðum, útlitsgölluðum
dýnum, **stillanlegum rúmum**,
hvíldarstólum, sófum,
koddum, lökum í 80, 90
og 153 cm o.fl.

50%
afsláttur



Teppasett

Nokkar gerðir
og stærðir



ROMA

hvíldarstóll á
ótrúlegu verði



Sófar

Nokkar gerðir af nettum
sófum á dýndurverði



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

Frábær tilboð í verslun
meðan á lagersölu standur

12 mán.
vaxtalausr
greiðslur*

Svefn & heilsa
★★★★★

Fimm stjörnu verslun
Lager. Völuteigi 19 - Mosfellsbæ
Sími 660 0038 - Opið kl 12:00-18:30
Laugardag 12:00 - 16:00

*3.5% lántökugjald

Heilbrigðiseftirlitið mælir hávaða frá rútumiðstöð í Skógarhlíð

UMHVERFISMÁL „Staðsetningin er dálítið skritin en ég vænti þess að þetta sé bara byrjunin,“ segir Stefán Pálsson, formaður Húsfélagsins í Eskihlíð 10 og 10a. Á fimmtudag í síðustu viku setti heilbrigðiseftirlitið upp hljóðmæli við göngustig ofan við blokkina.

Ibúar í Eskihlíðarblokkinni hafa í sumar mótmalet rekstri samgöngumiðstöðvar rútfyrirtækja handan við götuna í Skógarhlíð 10. Kvarta þeir sérstaklega undan hávaða á nóttu sem degi frá rútuferðinni.

Stefán segir íbúana hafa leitað til „allra og ömmu“ þeirra innan borgarkerfisins en lítið orðið ágennt. Málið hafi verið í vinnslu hjá heilbrigðiseftirlitinu.

„Í nýlegri reglugerð er meðal annars gerð krafa um að samgöngumiðstöðvar trufli ekki næsta nágrenni – sem þetta gerir óneitanlega,“ segir Stefán. Nú er hljóðmælir kominn upp.

„Til að mæla hljóðið þætti mér eðlilegra að mælt yrði í íbúðunum – sérstaklega þar sem eru svefnher-

Til að mæla hljóðið þætti mér eðlilegra að mælt yrði í íbúðunum.

Stefán Pálsson, formaður Húsfélagsins í Eskihlíð 10 og 10a



Búnaðurinn sem mæla á hávaða í Skógarhlíð. FRÉTTABLAÐIÐ/ADSEND

bergi á efri hæðum sem visa beint út að þessu,“ segir húsfélagsformaðurinn. Málinu sé alls ekki lokið.

„Þrátt fyrir loforð í blábyrjun um að rútur yrðu ekki látnar lulla í lausagangi meira en þýrfti og að þetta yrði hannað þannig að lítið þýrfti að bakka með tilheyrandi bilhljóðum þá hefur slaknað á þessu öllu. Og hvernig verður þetta þá í vetur þegar kólnar í veðri? Það þarf enginn að segja mér annað en að rúturnar verði þá samfleytt í gangi.“ – gar



Rúmlega 15.000 nýir bílar hafa selst það sem af er ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Rafmagnsbílar 12 prósent nýrra bíla á árinu

SAMGÖNGUR Sala á nýjum bílum í nýliðnum ágúst mánuði dróst saman um 3,7 prósent miðað við sama mánuði á síðasta ári. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Bilgreina-sambandinu. Alls voru skráðir 1.465 nýir fólkspílar í mánuðinum.

Fyrstu átta mánuði ársins voru nýskráðir fólkspílar 15.033 talsins sem er 11,8 prósent samdráttur miðað við sama tímabil í fyrra.

Af þeim rúmlega fimmtán þúsund nýju fólkspílum sem seldust fyrstu átta mánuði ársins voru 42 prósent með bensínvél, 39 prósent með dísilvél og 12 prósent voru rafmagnsbílar. Aðrar tegundir voru um sjö prósent nýrra bíla. – sar

11,8%

samdráttur varð í sölu nýrra bíla fyrstu átta mánuði ársins.

FRÉTTABLAÐIÐ Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

Hægt að styrkja bændur með öðrum hætti en tollmúrum

Formaður Viðreisnar segir knýjandi þörf á því að endurskoða landbúnaðarkerfið. Verndartollar séu gamaldags nálgun að því hvernig hægt sé að byggja kerfið upp. Framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda segir tolla á landbúnaðarvörur valda neytendum tvíþættu tjóni og langtíamarkmið að leggja þá alveg af.

LANDBÚNAÐUR Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, segir málshöfðun innflutningsfyrirtækja innan Félags atvinnurekenda á hendur ríkinu vegna tolla á landbúnaðarvörur endurspegla að það sé kominn tími til að stokka kerfið upp.

„Það er knýjandi þörf á að endurskoða landbúnaðarkerfið og það á enginn að vera hræddur við það. Það er hægt að styrkja bændur með öðrum hætti en að vernda þá með tollmúrum. Verndartollar eru gamaldags nálgun að því hvernig hægt er að byggja þetta kerfi upp. Við trúum því að opin og frjalsmarkaður sé af hinu góða,“ segir Þorgerður Katrín.

Hún segir nauðsynlegt að kerfið verði meira í þágu bænda sjálfra og neytenda en ekki einhverra milli-liða.

Þorgerður segist telja að landbúnaðarmálin verði fyrirferðarmikil á þinginu í vetur. „Það þarf að fara í markvissari stuðning við bændur. Það verður fróðlegt að sjá hvernig ríkisstjórnin tekur á þessum málum.“

Ólafur Stephensen framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda segir það bæði ólöglegt og óskynsamlegt að framselja til ráðherra vald til ákvörðunar á gjaldtöku vegna innflutnings landbúnaðarvara. „Langtíamarkmiðið á hins vegar að vera að hætta að vernda eina atvinnugrein með tollum, enda hafa allir aðrir tollar en á búvörur verið afnumdir,“ segir Ólafur.

Að sögn Ólafs valda tollar á



Gera má ráð fyrir því að landbúnaðarmálin verði fyrirferðarmikil á Alþingi í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Manni finnst oft að allar glufur séu nýttar til þess að setja upp hindranir.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar



búvörur neytendum tvíþættu tjóni. Annars vegar með herra verði á innfluttum vörum og hins vegar geri þeir innlendum framleiðendum kleift að selja vörur sínar á herra verði en ella.

„Sé það yfirhöfuð réttlátanlegt að vernda innlenda framleiðslu með tollum þá verður sú framleiðsla að standa undir eftirspurn. Hér eru lagðir tollar á fjölmargar tegundir

matvæla sem eru ekki einu sinni framleidd á Íslandi. Það verður að spyrja hvaða hagsmuni verði sé að vernda með því.“

Þorgerður Katrín tekur undir það sjónarmið að það sé einkennilegt að tollar séu lagðir á landbúnaðar-afurðir sem ekki séu framleiddar hérlandis. „Manni finnst oft að allar glufur séu nýttar til þess að setja upp hindranir.“ sighvatur@frettabladid.is

NÝ NÁMSKEIÐ OG HÓPTÍMATAFLA

HEFJAST 3. SEPTEMBER

SJÁ NÁNAR Á REEBOKFITNESS.IS

Reebok
FITNESS
ENGIN BINDING

7 STÖÐVAR • 3 SUNDLAUGAR • REEBOKFITNESS.IS



Rafmagnaður

Audi Q7 e-tron quattro



5 ára
ábyrgð

Aukahlutir umfram staðalbúnað:

- ▶ Sportsæti með leður-/alcantara- áklæði
- ▶ Samlitir brettakantar og stuðarar
- ▶ Audi Connect tenging fyrir SIM kort
- ▶ Google Map tenging með StreetView
- ▶ Snjallsímatenging fyrir Google Play og Apple Carplay
- ▶ Dökkar rúður
- ▶ Leðurklætt sport aðgerðastýri, fjögurra arma með flípaskiptingu
- ▶ Bakkmyndavél
- ▶ LED innljósapakki
- ▶ Lykillausst aðgengi með snertilausri opnun á afturhlera
- ▶ Ambient innljósapakki (stemningslýsing)
- ▶ Lengri hleðslukapall
- ▶ 20" álfelgur 10-Spoke Star Design
- ▶ Dráttarbeisli með bakkaðstoð
- ▶ Hæðastillanleg loftpúðafjöðrun

Nokkrir Audi Q7 e-tron quattro hlaðnir aukahlutum á einstöku tilboðsverði.

Á rafmagninu kemstu flestra þinna daglegra ferða en í lengri ferðum tekur dísilvélin við.

Meðal staðalbúnaðar eru LED framljós, MMI Navigation Plus, íslenskt leiðsögukerfi og Audi Virtual stafrænt mælaborð. Q7 e-tron getur lagt sjálfur í stæði, bakkað með kerru og ýmislegt fleira en enginn annar fjöldaframleiddur bíll býður upp á fleiri aðstoðarkerfi. Með Audi Connect í símanum getur þú tengst bílnum, stýrt miðstöð, skoðað stöðu á rafflöðu og fleira og þú þarft aldrei að setjast inn í kaldan bíl.

Listaverð 11.730.000 kr.

Tilboðsverð 10.990.000 kr.



HEKLA · Laugavegi 170-174 / Audi.is

Gæsastofnar hér við land dafna vel og varp helsingja eykst

NÁTTÚRA Heiðargæsastofninn hefur verið í miklum vexti síðustu tvo áratugi og er nú um hálf milljón fugla í stofninum. Grágæsastofninn er stöðugri og er um hundrað þúsund fuglar. Veioðalag er því hæfilegt.

„Gæsastofnar hér við land eru taldir að hausti á Bretlandseyjum. Við síðustu talningu er áætlað að heiðargæsin sé um hálf milljón fugla og hefur stofninn stækkað á síðustu árum nokkuð mikið þrátt fyrir veiði og önnur afföll. Grágæsastofninn er minni og stöðugri. Miðað við vetrartalningu telur hann nú um hundrað þúsund fugla,“ segir Kristinn

Haukur Skarpheðinsson, dýravistfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.

„Blesgæsinni hefur hins vegar fækkað mikið síðustu áratuginna en þó hefur dregið úr fækkuninni síðustu ár en hún er alfríðuð hér á landi. Við teljum að stofninn sé um 20 þúsund fuglar, sem er nokkuð lítið,“ segir Kristinn Haukur.

Þá er helsingjarinn að verpa í ríkari mæli. „Við teljum að um tvö þúsund helsingjar verpi í Austur-Skaftafellssýslu og er um gríðarlega fjölgun að ræða,“ segir Kristinn Haukur. – sa



Kristinn Haukur Skarpheðinsson dýravistfræðingur. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Við teljum að stofninn sé um 20 þúsund fuglar, sem er nokkuð lítið.

Kristinn Haukur Skarpheðinsson, dýravistfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands

Hvetur þýsku þjóðina til að mótmæla áróðri öfgahægrimanna og rasista

Fjölmennir hópar öfgaþjóðernissinna og vinstrisinnaðra mótmælenda hafa tekist á í þýsku borginni Chemnitz undanfarna daga. Utanríkisráðherra Þýskalands hvetur samlanda sína til að láta í sér heyra svo að ekki fari milli mála að málstaður rasista og þjóðernissinna eigi ekkert erindi í Þýskalandi. „Við þurfum að drattast upp úr sófanum og segja eitthvað,“ segir Heiko Maas utanríkisráðherra.

ÞÝSKALAND Heiko Maas, utanríkisráðherra Þýskalands, hvatti landa sína til aðgerða gegn rasisma og þeim sem freista þess að grafa undan lýðræðinu í víðtali við þýska tímaritið Bild am Sonntag í gær.

„Við þurfum drattast upp úr sófanum og segja eitthvað,“ sagði utanríkisráðherrann. „Okkar kynslóð fékk frelsi, lög og reglu, og lýðræðið í vöggugjöf. Við þurfum ekki að berjast fyrir þessum hlutum, og núna tókum við þeim sem sjálf-sögðum hlut.“

Maas var að bregðast við spurningum um þá miklu spennu sem ríkt hefur í borginni Chemnitz í Þýskalandi. Á laugardaginn komu um 4.500 öfgahægrimmenn saman í borginni til að mótmæla stefnu þýskra yfirvalda í flóttamannamálum. Fréttamiðlar í Þýskalandi greina frá því að einhverjir úr hópi öfgamannanna hafi veist að einstaklingum sem þeir töldu að væru innflytjendur og óskruðu: „Við erum þjóðin“ og: „Þið eruð ekki velkomin hér.“

Tilfni mótmælanna var morð á 35 ára gömlum þjóðverja sem framíð var í borginni á dögunum. Tveir menn eru grunaðir um ódæðið og eru þeir sagðir vera af erlendu bergi brotnir, annar frá Írak og hinn frá Sýrlandi. Hægrimmennirnir mættu um fjögur þúsund vinstrisinnuðum mótmælendum sem freistuðu þess að stöðva kröfugöngu þeirra. Um 1.800 lögreglumenn voru sendir á staðinn. Þegar dagurinn var á enda



Innflytjendastefnu þýskra yfirvalda var mótmælt í Chemnitz. Nasistakveður hafa sést í mótmælunum. NORDICPHOTOS/GETTY

höfðu átján manns, þar af þrjár lögreglumenn, særst í átökum hópanna.

Atburðir helgarinnar í Chemnitz þykja vera skýr vitnisburður um þann mikla klofning sem er að verða

í þýsku samfélagi, þá sérstaklega með tilliti þeirrar 1 milljónar flóttamanna sem komið hafa til landsins síðan árið 2015. Hópar yst á hægrivæng stjórnmálanna hafa gagnrýnt stjórn landsins harkalega fyrir að



Á mótmælaspjaldi við stytta Karl Marx stóð: „Chemnitz er hvorki grá né brún.“ NORDICPHOTOS/GETTY

heimila hundruðum þúsunda hælisleitenda frá stríðshráðum löndum, eins og Afganistan, Írak og Sýrlandi, að kom til landsins.

Katarina Barley, dómsmálaráðherra Þýskalands, blandaði sér í

Við munum ekki láta það viðgangast að öfgahægrimmenn komi sér fyrir í þýsku samfélagi.

Katarina Barley, dómsmálaráðherra Þýskalands

rannsóknina á mótmælunum í Chemnitz undanfarna daga eftir að það sást til öfgahægrimanna heilsa að hætti nasista. Hún sagði við Bild um helgina að rannsaka þyrfti hvort og með hvaða hætti skipulagðir hópar öfgamanna hefðu staðið fyrir mótmælunum. „Við munum ekki láta það viðgangast að öfgahægrimmenn komi sér fyrir í samfélaginu,“ sagði Barley.

„Við verðum að bjóða öfgahægrimmönnum birginn,“ sagði Maas við Bild am Sonntag í gær. „Við megum ekki lita undan. Við verðum að mótmæla nýnasistum og gyðingahóturum. Aðeins þannig afstýrum við því að orðspor Þýskalands verði endanlega eyðilaggt með útlendingahatri.“

Í dag, mánudag, er gert ráð fyrir að þúsundir muni koma saman í Chemnitz á ný. Að þessu sinni er það í tengslum við tónleika sem voru skipulagðir í flyti af nokkrum af vinsælustu tónlistarmönnum Þýskalands, þar á meðal pónksveitinni Die Toten Hosen, til að mótmæla málflutningi þjóðernissinna og fordómum í garð innflytjenda. kjartanh@frettbladid.is

FJÁRÖFLUN FRAMUNDAN?



Í Rekstrarlandi fást flottir fjáröflunarpakkar, tilbúnir eða sérsníðnir eftir óskum. Úrval af hreinsivörum, pappirsivörum, plastpokum og álpappir. Gæðavörur sem nýtast vel og gaman er að selja.

OPÍÐ ALLA VIRKA DAGA KL. 8-17.



REKSTRARLAND
Rekstrarland er hluti af Olis



Rekstrarland verslun | Vatnagördum 10 | 104 Reykjavík | Söluver 515 1100 | fjaroflun@olis.is | rekstrarland.is

(HYBRID)



Way of Life!

SUZUKI MILD HYBRID FYRIR UMHVERFIÐ OG ÞIG

SUZUKI IGNIS 4X4

1,2 DUALJET MILD HYBRID GLX

Beinskiptur*

Meðaleyðsla lítrar / 100 km, 4.7

VERÐ KR.

2.860.000

SUZUKI SWIFT

1.0 BOOSTERJET MILD HYBRID GLX

Beinskiptur*

Meðaleyðsla lítrar / 100 km, 4.3

VERÐ KR.

2.580.000

SUZUKI BALENO

1,2 DUALJET MILD HYBRID GLX

Beinskiptur*

Meðaleyðsla lítrar / 100 km, 4.5

VERÐ KR.

2.760.000

Suzuki er fánlegur með Hybrid tvinnafsrásarvélum.
1.2l Dualjet Mild Hybrid í Suzuki Ignis og Suzuki Baleno,
1.0l Boosterjet Mild Hybrid í Suzuki Swift.

Komdu í heimsókn og kynntu þér Suzuki Mild Hybrid.

*Suzuki Mild Hybrid eru eingöngu fánlegir beinskiptir.

SUZUKI MILD **(HYBRID)**

- fyrir umhverfið og þig



SUZUKI

FLUTT MEÐ
EIMSKIP

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

SKOÐUN

FRÉTTABLAÐIÐ

Borgarsjarmi



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is

Meirihluti borgarstjórnar er skamm- aður fyrir margt enda ekki alveg syndlaus. Sannarlega er nauðsyn að veita meirihlutunum aðhald en það er samt ekki allt sem aflaga fer í borginni honum að kenna. Meirihlutinn ber til dæmis ekki ábyrgð á því hversu þungu bílaumferð er orðin í borginni. Slík þróun er nánast óumflýjanleg í nútímamfélagi þar sem fólki fjólgar stöðugt, vill eiga bíl og krefst þess að komast á honum nánast hvert sem er. Vissulega á fólk að fá að komast á flesta staði á þarfasta þjónum, en það felst þó akveðin frekja í kröfunni um að bílar eigi skilyrðislaust að hafa forgang í bílum sínum og helsta hugsun þess að er að komast sem fyrst á áfangastað. Flest sem hindrar það skapar þeirring.

Það er yfirlyst stefna borgarstjórnarmeirihlutans að stuðla að fjölbreyttu mannlífi í aðaláandi miðborg. Þetta er hið finasta markmið en því verður ekki náð með því að gera miðbæ Reykjavíkur að bílasvæði. Það eru göngugötur sem skapa stemningu og sjarma. Blessunarlega eru þó nokkrar götur í miðbænum göngugötur hluta ársins og þeim ætti að fjölga, eins og meirihluti borgarstjórnar hefur áhuga á.

Meirihluti Reykjavíkinga virðist vera sammála þessum áherslum eins og sýnir sig í nýlegri könnun Maskínu. Þar kemur fram að 77 prósent íbúa telja að göngugötur hafi jákvæð áhrif á mannlífið í borginni. Einungis 8 prósent eru á því að þær hafi neikvæð áhrif og 5 prósent eru alfarið á móti göngugötum. Sá óánægjuhópur samanstendur sennilega aðallega af bílaeigendum sem fá ekki bílastæði nákvæmlega þar sem þeir vilja. Þeir þurfa því að hluta til að ganga á áfangastað, sem er bæði hollt og gott. Fólk ætti að gera meira af því að ganga, þannig er hægt að njóta umhverfisins mun betur en inni í læstum bíl. Svo skjóta góðar hugmyndir iðulega upp kollinum meðan fólk er á göngu.

Þeir sem ergja sig yfir göngugötum og forðast þær jafnvel ættu að gera tilraun á sjálfum sér. Fara á göngugötur, virða fyrir sér mannlífið sem þar er að finna og slaka örliði á. Eftir það gæti nefnilega vel gerst að þeim þætti hlutskiptið að dása í bíl sínum hluta dags ekki jafn eftirsóknarvert og áður. Könnun Maskínu sýnir að nokkrar líkur eru einmitt á því að þetta gerist því þar kemur fram að jákvæðni fólks til göngugatna eykst eftir því sem það fer oftar þangað.

Meirihluti borgarstjórnar ætti að lengja tímabil göngugatna og einhverjar götur ættu að vera göngugötur allt árið. Einmitt þannig verður borgarsjarmi til.



Það felst þó akveðin frekja í kröfunni um að bílar eigi skilyrðislaust að eiga forgang í umferðinni.

Haldór



Frá degi til dags

Alþingi til bjargar

Það verður að viðurkennast að fulltrúar í sveitarstjórnnum landsins hafa undanfarið verið ansi fyrirferðarmiklir á þessum vettvangi. Hæst þar þar auðvitað hinar ymsu fúruleugu úppákomur sem allt hafa sér stað í Ráðhúsi Reykjavíkur. Því er iðulega haldið fram að fyrir stjórnmalamenn sé betra að fá athygli fyrir eitthvað neikvætt en að fá alls enga athygli. Þegar kemur að borgarstjórn Reykjavíkur má hins vegar efast um þau sannindi. Borgarfulltrúar eru beðnir um að sýna biðlund því það glitir í björgunarsveitina. Alþingi verður sett í næstu viku.

Von fyrir Bjarta framtíð?

Lítið hefur spurst til Bjartar framtíðar frá því að flokkurinn datt út af þingi fyrir tæpu ári. Þá bauð flokkurinn hvergi fram í eigin nafni í sveitarstjórnarkönnunum í vor. Þau tíðindi berast nú að ESB leggi til að hætt verði að breyta klukkunni og sumartíminn gildi alfarið í ríkjum sambandsins. Eitt helsta stefnumál Bjartar framtíðar fólst í því að klukkunni á yrði seinna. Nú hljóta forráðamenn Bjartar framtíðar að vona að umræðan frá ESB skili sér til Íslands og flokkurinn endurheimti þar með erindi sitt í íslenskum stjórnárum. sghvatur@frettabladid.is

Tólfti mánuðurinn



Þórunn Sveinbjarnardóttir
formaður BHM

Óumdeilt er að menntun og þekking eru undirstaða góðra lífskjara. Opinber framlög til menntamála eru því fjárfesting í hagsæld framtíðarinnar. Það sama gildir um þann kostnað sem einstaklingar taka á sig til að afla sér menntunar en hann getur verið umtalsverður.

Fæstir háskólanemar eru í þeirri stöðu að hafa fjárhagslega bakhtarla sem kosta þá til náms og greiða framfærslu þeirra á námstímanum og fjármagna því framfærslu sína með lántöku. Námslán eru verðtryggð og bera 1% vexti.

Fólk sem fer í langt nám skuldar oft margar milljónir í námslán þegar það útskrifast. Þegar námi lýkur þarf það að greiða tæplega 4% af tekjum sínum í afborganir af lánunum (þau sem tóku lán fyrir árið 2005 greiða tæplega 5%). Þetta þýðir að fólk þarf að verja fjárhæð sem samsvarar u.þ.b. einum útborguðum mánaðarlánum á ári í afborganir af námslánum. Það reynist mörgum þung byrði.

Opinberar tölur sýna að hvergi í Evrópu er ávinning einstaklinga af háskólanámi minni en hér á landi. Vissulega er það svo að laun háskólafélks eru að meðaltali hærrí en þeirra sem hafa minni menntun. En meðaltöl segja ekki allt. Þegar tekjur þessara hópa eru bornar saman þarf að hafa í huga að háskólaþéttir fær í raun þá greidd laun ellefu mánuði á ári.

Á næsta ári losna kjarasamningar þorra stéttarfélaganna innan BHM. Stjórnvöld hafa lýst yfir vilja til að liða fyrir samningnum með ýmsum aðgerðum.

Eitt af því sem ríkisvaldið getur gert til að greiða fyrir samningnum við háskólanenntu fólk er að breyta reglum þannig að árlegar afborganir, vextir og verðbætur af námslánum dragist frá þeim stofni sem myndar andlag við útreikning bóta í almannatryggingakerfinu, s.s. barnabóta og vaxtabóta.

Með þessu væru stjórnvöld að sýna í verki að þau vilji að fólk afli sér menntun og stuðli þannig að hagsæld og góðum lífskjörum í landinu til framtíðar.



Þetta þýðir að fólk þarf að verja fjárhæð sem samsvarar u.þ.b. einum útborguðum mánaðarlánum á ári í afborganir af námslánum. Það reynist mörgum þung byrði.

VAKÚMVÉLAR

HAKKAVÉLAR

... og svo miklu meira



Mikið úrval af tækjum sem henta einstaklingum og fyrirtækjum

Krókhálsi 1 | 110 Reykjavík | s. 567 8888 | www.pmt.is

Áhyggjur fólks af öðrum

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Í vaxandi mæli hef ég tekið eftir því að hér á landi ríkir fremur djúp tilhneiging til miðstýringar eða einhvers konar forsjarhyggju. Fólki er ekki treyst mikið. Frelsi er talið hættulegt. Ég er sífellt að reka mig á dæmi um þetta. Í vikunni þurfti ég að kaupa lúsasjampó vegna þess að skólinn er byrjaður og lúsin þar með komin. Að kvöldlagi er ein búð í Lágmúla sem selur lúsasjampó. Ég spurði mig: Hverju sætir? Af hverju er ekki hægt að kaupa svona vöru í kjörbúð? Ríkir hér ötti við að fólk myndi kaupa of mikið lúsasjampó ef það fengist víðar? Yrði lúsasjampóæði? Afengi er annað. Ef rauðvín fengist í kjörbúð, er víðbúð — að margra dómi — að landið færi á hliðina. Fólki er ekki treystandi til slíkra valkosta. Það yrði blekðilvað alla daga. Ekki má heldur kaupa bjór á fótbolta-leik. Það myndi enginn horfa á leikinn. Bara drekka. Ekki má heldur velja börnum sínum hvaða nöfn sem er. Það þarf leyfi. Leyfi þarf til að keyra annað fólk heim til sín gegn gjaldi. Og til að skjóta skjólshúsi yfir ferðafólki. Af þessu hefur kerfið greinilega miklar áhyggjur.

Gluggalöggan

Stundum fara áhyggjur fólks af hegðun annarra yfir mörk hins súrrealíska. Undanfarin ár höfum við hjónin verið að gera upp hús. Sérstaklega eftir-minnilegt var þegar ég sem húseigandi átti fund á Skipulagssviði Reykjavíkurborgar til þess að ræða teikningarnar. Tveir borgararkitektar mættu á fundinn til þess að súa hveljur og förna höndum til skiptis yfir því að við ætluðum ekki að hafa gluggapósta á svefnherbergisglugganum. Mér var sagt að yfirmáðurinn hefði hreinlega misst kjálkann niður á



Boðin og bönnin eru út um allt. Stjórnsémin virðist efallaus og óbilgjörn. Hún hvíkar hvergi.

bringu þegar hann sá teikninguna. Hann hefði aldrei séð annað eins. Mér var tjáð að póstaús færi teikningin ekki í gegn.

Hér náði forræðisbyggjan nýjum hæðum. Hún var komin inn á svið hins fagurfræðilega. Í huganum velti ég fyrir mér hvort gluggalöggan myndi hand-taka mig ef ég hlýddi ekki. Á sama fundi var gerð athugasemd við það hvar við hjónin hygðumst hafa baðkarið (inni

á baði, sem sagt). Baðkarslóggan yrði ekki ánægð. Ég reyndi auðvitað að vera kurteis og hlýðinn. Mig langaði þó mjög til að stinga upp á því að þetta fólk léti sér nægja að spá í sín hús og við hjónin fengjum frið til að spá í okkar. Það er hins vegar lýsandi fyrir ötta manns við yfirvaldið, hræðsluna við duttlunga-fullt kerfið, að nú þegar ég skrifa þetta — þegar nokkur á eru liðin frá þessum fundi — finn ég til kvíða yfir mögulegum afleiðingum þess að ég skuli jata hér og nú að við hjónin óhlyðnuðumst. Til að þóknast Skipulagssviði breyttum við bara teikningunum. Í raunveruleikanum er glugginn hins vegar án pósta. Og þannig er nú það. Nú er ég líklega í djúpum skit.

Ég kann ekki að skrifa

Boðin og bönnin eru út um allt. Stjórnsémin virðist efallaus og óbilgjörn. Hún hvíkar hvergi. Um árabíl hef ég klórað mér í hausnum yfir miðstýringarárátt-

unni í skólakerfinu. Þrátt fyrir linnulaust tal um auknið frelsi í skólastarfi og sveigjanleika í þágu nemendanna, er þörfin til almennrar, einstrengingslegrar samræmingar svo yfirdrifin að það virðist ekki vera nokkur leið að breyta því. Samræmd, stöðluð próf skulu send á nemendur eins og tundurskeyti frá djöflinum. Annað dæmi er þó jafnvel enn betra: Skrifarkennslan.

Einhvern tímann ákvað einhver að það væri sérstaklega aðkallandi að öll börn á grunnskólaaldrinu skyldu læra tengiskrift, sem mér skilst að heiti Ítalíu-skrift. Ítalíuskrift var fundin upp af Niccolò Niccoli fræðimanni í Flórens á Ítalíu í kringum árið 1400 og þýkri svona líka ægilega smekklegr, sérstaklega ef dregið er til stafs með fjöður.

Ég get ekki hætt að láta þetta fara í taugarnar á mér. Mér er fyrrmunað að skilja af hverju börnin mín þurfa að læra þessa skrift. Má fólk ekki skrifa eins og því sýnist? Er ekki aðalatriðið að skrifin sé skiljanleg? Ég þekki dæmi af ágætum nemendum, með góðar ein-kunnir í öllum fögum nema þessari furðulegu tengiskrift. Skrifin er farin að leggjast á sálina á þeim. Og reyndar mér. Eitt kvöldið, þegar dóttir mín fyrir nokkrum árum átti að skrifa skriflón eins k í Ítalíuskrift í línustríkað hefti uppgötvaði ég sjálfur að ég gat ekki fyrir nokkra muni hjálpað henni. Ég gat ekki skrifað þetta k.

K-ið háir mér þó ekki. Mér finnst skipta meira máli hvað fólk skrifar, heldur en hvernig. En guði sé lof fyrir forræðisbyggjufólkið samt. Annars væru ógeðslegir póstaúsir gluggar út um allt og þjóðfélagið vaðandi í pöddu-fullu fólki með fánaleg nöfn að drekka lúsasjampó. Illa skrifandi.

Sjávarútsýni af bestu gerð



Óskum eftir rekstraraðila á veitingastað í hjarta Hafnarfjarðar


Vegna ófyrirsjáanlegra breytinga er veitingastaður Fjarðar laus til rekstrar fyrir öflugan aðila.

- 260m²
- 70-100 manns í sæti
- Útbúið tækjum
- Í miðbæ Hafnarfjarðar

Fjörður er sannkallað hjarta verslunar, þjónustu og samgangna í Hafnarfirði og fagnar 22 ára afmæli sínu í ár. Árlega heimsækja um ein milljón viðskiptavina Fjörð.

Veitingastaðurinn er á 2. hæð verslunarkjarnans og með glæsilegu sjávarútsýni yfir höfnina.

Við leitum að metnaðarfullum og þjónustulundduðum rekstraraðila með ástríðu fyrir góðum mat.



Nánari upplýsingar veitir Guðmundur í síma 615 0009 eða email: fjordur@fjordur.is



ÚRVAL ÚTSÝN

LANGAR ÞIG Í ÆVINTÝRI?

ÚRVAL SÉRFERÐA OG SIGLINGA



ICELANDAIR



KÚBA 10. NÓVEMBER — 8 DAGAR
SEIDANDI HAVANA
VERÐ FRÁ **299.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

FLEIRI FERÐIR Í BÓÐ!

KRISTÍN TRINGRÁÐDÓTTIR
FERÐASTJÓRN

ICELANDAIR



THAILAND 1. NÓVEMBER — 12 DAGAR
BANGKOK & HUA HIN
VERÐ FRÁ **299.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

KRISTÍN TRINGRÁÐDÓTTIR
FERÐASTJÓRN

ICELANDAIR



MAROKKÓ 13. OKTÓBER — 8 DAGAR
Á KONUNGASLÓÐUM
VERÐ FRÁ **179.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

FLEIRI FERÐIR Í BÓÐ!

ICELANDAIR



MIKID INNFALIB

31. OKTÓBER — 15 DAGAR
SUÐUR-AFRÍKA GARDEN ROUTE
VERÐ FRÁ **489.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna. Nánar í ferðalýsingu

VILJALMUR ÓSSÓRSON
FERÐASTJÓRN

ÓDDHÖFUR ÞORHARÐSSON
FERÐASTJÓRN

ICELANDAIR



SEGLING

AUSTUR-KARÍBAHAF 27. OKT. — 12 DAGAR
BAHAMA & JÓMFRÚAEYJAR
VERÐ FRÁ **398.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna í tvíþýli með svölum.

SR. KJALLNAÐ JONSSON
FERÐASTJÓRN

ICELANDAIR



SEGLING

VESTUR-KARÍBAHAF 1. MÁRS — 12 DAGAR
HONDÚRAS, BELIZE, MEXÍKÓ
VERÐ FRÁ **349.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna. FULLT FÆÐI.

FINNUR ÞÚ EKKI FRÍÐ ÞITT?

LEYFÐU OKKUR AÐ FINNA ÞAÐ FYRIR ÞIG — KÍKTU Í KAFFI!

NÁNAR Á URVALUTSYN.IS

OG HJÁ FERÐARÁÐGJÖFUM Í SÍMA 585 4000



ÚRVAL ÚTSÝN

KOMDU MEÐ Á SKÍÐI GLÆNÝR ÁFANGASTAÐUR



SKÍÐABÚNAÐUR
INNIFALINN



MADONNA, ÍTALÍA 12.–19. JANÚAR

RESIDENCE ANTARES ★★★

Mjög vel staðsett íbúðagisting í miðbæ Madonna di Campiglio. Í göngufæri við lyftu og hægt að skíða að hótelinu í lok dags. Í nágrenni við hótelið eru veitingastaðir og skíðabúðir.

VERÐ FRÁ **91.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi.
Verð frá 131.500 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.



MADONNA, ÍTALÍA 19.–26. JANÚAR

HOTEL MIRAMONTI ★★★★★

Fjölskyldurekið hótél vel staðsett í Madonna. Stutt er í lyftu frá hótelinu. Á hótelinu er boðið upp á skíðaskóla bæði fyrir einstaklinga og hópa. Veitingastaður og gufubað.

VERÐ FRÁ **173.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn með hálfu fæði.
Verð frá 183.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.



MADONNA, ÍTALÍA 26. JANÚAR – 2. FEBRÚAR

HOTEL MAJESTIC ★★★★★

Staðsett við eina af göngugötunum í Madonna, stutt frá skautasvellinu og Spinale lyftunni. Á hótelinu er heilsulind og snyrtistofa.

VERÐ FRÁ **211.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn með hálfu fæði.
Verð frá 225.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.



ST. JOHANN TYROL, AUSTURRÍKI 19.–26. JANÚAR

CHALET ALPINA TYROL ★★★

Staðsett í miðbæ St. Johann stutt frá verslunum, kaffihúsum og veitingastöðum. Íbúðirnar rýma tvo til sex, þær stærri eru með tveimur svefnherbergjum og baðherbergjum.

VERÐ FRÁ **153.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð fyrir fjóra.



ST. JOHANN TYROL, AUSTURRÍKI 26. JAN. – 2. FEB.

SPORT HOTEL ★★★★★

Staðsett 150 metra frá Harschbichlbahn skíðalyftunni. Á hótelinu er næg afþreying, t.d. innanhússundlaug og gufubað. Íbúðirnar rýma tvo til sex.

VERÐ FRÁ **181.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í Junior svitu.
Verð frá 194.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.



ST. JOHANN TYROL, AUSTURRÍKI 9.–16. FEBRÚAR

HOTEL BRUGGWIRT ★★★★★

Staðsett neðst í St. Johann bænum. Heilsulind og útilaug, gestamóttaka, bar, veitingastaður og sólarverönd. Kaffihús með nýbökuðum kökum síðdegis og dansklúbbnum Tennerhof.

VERÐ FRÁ **192.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í Junior svitu fyrir fjóra.
Verð frá 209.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.



Sara Däbritz sækir að Fannðisi Friðriksdóttur í leik Íslands og Þýskalands. Þjóðverjar unnu leikinn 0-2 og eru svo gott sem komnir á HM. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Þær báru virðingu fyrir okkur

Freyr Alexandersson hefði viljað sjá Ísland setja Þýskaland í meiri vandræði í leik þeirra í undankeppni HM á laugardaginn. Hann kvaðst samt stoltur af íslenska liðinu sem þarf núna að fara lengri leiðina á HM 2019.

FÓTBOLTI „Ég er svekktur því okkur langaði svo rosalega að vinna þær aftur. Á sama tíma er ég stoltur af liðinu og þjóðinni. Þetta var sérstakur dagur. Ég er ánægður með frammistöðu liðsins. Varnarleikurinn var góður en sóknarleikurinn gekk erfiðlega,” sagði Freyr Alexandersson, þjálfari íslenska kvennalandsliðsins, í samtali við Fréttablaðið eftir 0-2 tapid fyrir Þýskalandi í undankeppni HM í fyrradag. Nýtt áhorfendamat var sett á laugardaginn en 9.636 manns lögðu leið sína í Laugardalinn.

Freyr viðurkendi að Þjóðverjar hefðu verið betri en Íslendingar í leiknum og sigur þeirra hafi verið sanngjarn.

„Við töpuðum fyrir betra liði. Þær eru betri en við og eru góðar. Kantspilið þeirra var framúrskarandi. Við stóðum það vel af okkur en samt náðu þær frábærum köflum inn á milli. Þetta er heimsklassa lið sem hittir á góðan dag. Það var engin tilviljun. Þær voru vel undirbúnar og báru virðingu fyrir okkur,” sagði Freyr.

Þjálfarinn hefði viljað sjá sitt lið þjarma aðeins meira að því þýska og láta gestina gera mistök eins og í fyrri leiknum sem Ísland vann, 2-3. „Ég er mest svekktur yfir því að hafa ekki ýtt þeim í að gera mistök, því það er hægt,” sagði Freyr. „Við náðum því 3-4 sinnum á fyrsta hálf-tímanum.“

Þetta er heimsklassa lið sem hittir á góðan dag. Það var engin tilviljun. Þær voru vel undirbúnar og báru virðingu fyrir okkur.

Freyr Alexandersson



Eftir tapið á laugardaginn er ljóst að Ísland þarf að fara lengri leiðina inn á heimsmeistararnótið. Á morgun mæta Íslendingar Tékkum og mega ekki tapa, og verða helst að vinna, til að tryggja sér sæti í

fjögurra liða umspili um sæti á HM.

„Upphaflega var markmiðið að komast í umspil. Við áttum möguleika á að fara bónusleiðina og komast beint á HM, reyndum það en betra liðið, það þýska, fer þá leið. En það er eins gott að við klárum Tékkana og náum í umspillsætið. Þar eru þjóðir sem við getum slegið út en það verður alltaf erfitt,” sagði Freyr. Hann segir mikilvægt að leikmenn Íslands taki ekki tapið gegn Þýskalandi of mikið inn á sig.

„Eins og ég sagði fyrir leikinn eru eðlileg úrslit að við töpum fyrir Þýskalandi. En við trúum svo mikið á okkur og það fær alltaf á mann að tapa. Við þurfum að losa það út.“ ingvithor@frettabladid.is

Nýjast

Pepsi-deild karla

Fjölnir - Stjarnan 1-3

0-1 Guðmundur Steinn Hafsteinsson (17), 1-1 Þórir Guðjónsson (25), 1-2 Guðjón Baldvinsson (64), 1-3 Ævar Ingi Jóhannesson (88).

KA - Valur 3-3

0-1 Kristinn Freyr Sigurðsson (15), 1-1 Hallgrímur Mar Steingrímsson (27), 2-1 Steinþór Freyr Þorsteinsson (39), 2-2 Kristinn Freyr (53), 3-2 Callum Williams (64), 3-3 Birkir Már Sævarsson (90+2).

ÍBV - Víkingur R. 1-1

0-1 Geoffrey Castillon (7), 1-1 Sindri Snær Magnússon (26).

Breiðablik - Grindavík 1-1

1-0 Thomas Mikkelsen (53), 1-1 Will Daniels (75).

FH - KR 4-0

1-0 Robbie Crawford (11), 2-0 Jákup Thomsen (45), 3-0 Crawford (55), 4-0 Þórir Jóhann Helgason (86).

Efri	Neðri		
Valur	40	KA	24
Stjarnan	39	ÍBV	23
Breiðablik	35	Fylkir	22
KR	30	Víkingur R.	21
FH	30	Fjölnir	16
Grindavík	25	Keflavík	4

Inkasso-deild karla

Magni - ÍA 2-3

0-1 Stefán Teitur Þórðarson (8), 1-1 Lars Öll Jessen (14), 1-2 Jeppe Hansen (15), 1-3 Stefán Teitur (46), 2-3 Kristinn Þór Rósbergsson (48).

Víkingur Ó. - Þór 2-0

1-0 Gonzalo Zamorano Leon, viti (22), 2-0 Zamorano (73).

Inkasso-deild kvenna

Sindri - ÍA 0-6

0-1 Sigrún Eva Sigurðardóttir (4), 0-2 Unnur Ýr Haraldsdóttir (13), 0-3 Maren Leósdóttir (26), 0-4 Heiðrún Sara Guðmundsdóttir (44), 0-5 Snædis Logadóttir (57), 0-6 Eva María Jónsdóttir (85).

Hamarnir - Þróttur R. 0-4

0-1 Gabriela María Mennotti (32), 0-2 Mennotti (68), 0-3 Andrea Rut Bjarnadóttir (79), 0-4 Álfhildur Rósa Kjartansdóttir (88).

EHF-bikar karla

Selfoss - Dragunas 34-28

Mörk Selfoss: Einar Sverrisson 8, Árni Steinn Steinþórsson 7, Hergeir Grímsson 6, Atli Ævar Ingólfsson 5, Haukur Þrastarson 5, Guðni Ingvarsson 2, Elvar Örn Jónsson 1. **Varin skot:** Pawel Kiepluski 14.

Liðin mætast öðru sinni í Lithæna laugardaginn 8. september.

Dubrava - FH 29-33

Mörk FH: Birgir Már Birgisson 7, Einar Rafn Eilósson 7, Ágúst Birgisson 5, Bjarni Ófeigur Valdimarsson 5, Ásbjörn Friðriksson 3, Jóhann Birgir Ingvarsson 3, Jóhann Karl Reysson 2, Arnar Freyr Ársællsson 1. **Varin skot:** Birkir Fannar Bragason 11.

Liðin mætast öðru sinni í Kaplakrika laugardaginn 8. september.

Vinátulandsleikir

Noregur - Ísland 69-71

Stig Íslands: Ólafur Ólafsson 19, Haukur Óskarsson 13, Collin Pryor 10/11 fráköst, Danero Thomas 8, Kristinn Pálsson 8/5 stoðsendingar, Kristján Leifur Sverrisson 5, Gunnar Ólafsson 4, Ragnar Nathanaelsson 2, Emil Barja 2/9 fráköst/6 stoðsendingar.

Liðin mætast aftur klukkan 16:00 í dag.

Komin með annan fótinn í 2. umferðina

HANDBOLTI FH og Selfoss eru í afar vænlegri stöðu fyrir seinni leikina í 1. umferð EHF-bikars karla í handbolta eftir góð úrslit í fyrri leikjum á laugardaginn.

FH gerði góða ferð til Króatiu og vann fjögurra marka sigur á Dubrava, 29-35. Örvhentir leikmenn FH-inga voru í aðalhlutverki því bæði Einar Rafn Eilósson og Birgir Már Birgisson skorðuðu sjö mörk. Sá síðarnefndi lék sinn fyrsta keppnisleik fyrir FH á laugardaginn og hélt upp á það með sjö mörkum í jafn mörkum skottílaunum. Bjarni Ófeigur Valdimarsson lék einnig sinn fyrsta keppnisleik fyrir FH á laugardaginn og skoraði fimm mörk, líkt og Ágúst Birgisson.

Liðin mætast aftur í Kaplakrika á laugardaginn. Sigurvegarinn úr einvíginu mætir Benfica frá Portúgal í næstu umferð. FH komst í 3. umferð EHF-bikarsins á síðasta tímabili og var hársbreidd frá því að komast í riðlakeppnina.

Selfoss vann sex marka sigur á

Klaipeda Dragunas frá Lithæna, 34-28, á laugardaginn. Þetta var fyrsti Evrópuleikur Selfoss síðan 1994. Þetta var jafnframt fyrsti keppnisleikur Selfyssinga í Hleðsluhöllinni sem tekur við af Vallaskóla sem heimavöllur liðsins. Hleðsluhöllin, eða Iða, var áður heimavöllur körfuboltaíðsins FSU.

Einar Sverrisson hélt uppteknum hætti frá því í úrslitakeppninni síðasta vor og skoraði átta mörk fyrir Selfoss gegn Dragunas. Árni Steinn Steinþórsson skoraði sjö mörk, Hergeir Grímsson sex og þeir Atli Ævar Ingólfsson og Haukur Þrastarson fimm mörk hvor. Pawel Kiepluski, nýr markvörður í herbúðum Selfyssinga, varði 14 skot.

Selfoss og Dragunas mætast öðru sinni í Lithæna á laugardaginn. Liðið sem fer áfram mætir Ribnica frá Slóveníu í 2. umferð.

ÍBV, þriðja íslenska liðið í EHF-bikarnum, hefur leik í 2. umferð. Þar mæta Eyjamenn Pays d'Aix frá Frakklandi. – íþs



Einar Sverrisson skoraði átta mörk og var markahæstur Selfyssinga í sigrinum öðru á Klaipeda Dragunas frá Lithæna á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

AFMÆLIS VEISLA

FJÖRIÐ HELDUR ÁFRAM • ÓTRÚLEG AFMÆLISVEISLA

**NÝ
KYNSLÓÐ**
2018 HAUST LÍNAN
FRÁ ACER

SENDUM
FRÍTT
ALLAR VÖRUR
ALLT AD 10kg

14" FHD IPS
Ultra-Narrow skjárammi
Intel N4000
2.6GHz Burst Dual Core
4GB minni
DDR4 2400MHz
128GB SSD
M.2 diskur

79.990

14" FHD IPS
Ultra-Narrow skjárammi
Intel N5000
2.7GHz Pentium Quad Core
8GB minni
DDR4 2400MHz
256GB SSD
M.2 diskur

119.990

ACER SWIFT 1 - 2018 HAUST

All Metal Nano skoridál bak • Ultra Thin aðeins 14.95mm • Örpunnur 6.3mm skjárammi
17+ tíma rafhlada • Gigabit þráðlaust Net • Bluetooth 5 • 0 db víftulasa hönnun
Baklýst lyklaborð • Fingrafaraskanni • Físlétt aðeins 1.3kg



TÖLVUTEK



Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

VEISLAN HEI

Í TÖLVUTEK ER EITT MESTA ÚRVAL



13" HD LED
1366x768 ComfyView skjár
Intel N3350
2.4GHz Burst Dual Core örgjörvi
4GB minni
DDR3 1600 MHz
64GB SSD
eMMC diskur

**AFMÆLIS
TILBOÐ**

VERÐ ÁÐUR
59.990

acer



15" FHD IPS
1920x1080 Gorilla Glass skjár
Ryzen3 2200U
3.4GHz Turbo Dual Core örgjörvi
8GB minni
DDR4 2133 MHz
256GB SSD
NVMe diskur

**AFMÆLIS
TILBOÐ**

VERÐ ÁÐUR
119.990

acer



SNERTISKJÁR

STYLUS PENNI

13" FHD IPS
1920x1080 snertiskjár
Intel i5 8250U
3.4GHz Turbo Quad Core örgjörvi
8GB minni
DDR4 2400 MHz
256GB SSD
M.2 diskur

**AFMÆLIS
TILBOÐ**

VERÐ ÁÐUR
149.990

acer

SWIFT 1 2017

Örþunn og físlétt fartölva með fingrafaraskanna og 10 tíma rafhlöðu

49.990

Glæsileg og vönduð fartölva úr gegnheilu áli

SWIFT 3 2018

Lúxus útgáfa úr áli með fingrafaraskanna, baklýstu lykklaborði og öflugum Vega skjákjarna

99.990

Lúxus útgáfa með Gorilla Glass IPS skjá.

SPIN 5 2018

Fjölhæf lúxusfartölva með IPS fjölsnertiskjá sem hægt er að snúa 360° og Stylus penna

139.990

Fjölhæf og öflug Acer 360° lúxusfartölva ;)



24" FHD IPS
1920x1080 Anti-Glare skjár
Intel i5 7200U
3.1GHz Turbo Dual Core örgjörvi
8GB minni
DDR4 2400 MHz
256GB SSD
M.2 diskur

acer



ÖLLUM
NOKIA
FYLGR FRÁ NOVA*
50GB - Snapp -
Ótakmörkuð
símtöl og
SMS

KYNNINGAR
TILBOÐ
FULLT VERÐ
15.990

NOKIA

NOVA
50GB gagnagagn.
Endalíust Snapp á
Íslandi. Ótakmörkuð
símtöl og SMS á
Íslandi og í
Evrópu.

VATNSHELT
9.990



WONLEX

ACER C24

Stórglæsileg 24" skjátölva á demantskornum standi

119.990

NOKIA 1 SNJALLSÍMI

Með tvær HDR myndavélar á kynningarartilboði í september

14.990

GPS KRAKKAÚR

GPS snjallúr með 1,22" LED snertiskjá og SOS takka

6.990



IDEAPAD V110
Físlétt með öflugum AC þráðlausu neti

36.990

80TF0032MX



13" MACBOOK AIR
